



## Verklagsreglur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er varða tilkynningarskyldu

Með vísan í 17. grein barnaverndarlaga ber skólanum að tilkynna til barnaverndar ef grunur leikur á að barn búi við eitthvað af eftirfarandi:

- 1. Vanræksla gagnvart barni**
- 2. Barn beitt ofbeldi**
- 3. Heilsa eða líf ófædds barns í hættu**
- 4. Áhættuhegðun barns**

Um er að ræða flokkunarkerfi Barna og fjölskyldustofu – flokkunarkerfi SOF. Nánari skýringar á hverjum flokki eru hér:

### 1. Vanræksla gagnvart barni

1.1. Líkamleg vanræksla gagnvart barni- 5 undirflokkar þ.e. fæði, klæðnaði, hreinlæti, húsnæði og/eða heilbrigðisþj. ábótavant.

1.2. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit barns- 9 undirflokkar þ.e. eftirliti umönnunaraðila ábótavant, barn er skilið eftir; eitt án þess að hafa aldur eða þroska til, hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi, hjá óhæfum aðila, hjá óhæfum aðila sem beitir börn ofbeldi, foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar, barn verður umsjónarlaust vegna fráfalls eða fjarveru forsjáraðila, barni er hætta búin vegna annarlegs ástands umönnunaraðila og barni er leyft eða það hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi.

1.3. Vanræksla varðandi nám barns- 4 undirflokkar þ.e. mætingu barns í skóla er ábótavant og án inngrips forsjáraðila, barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna, ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barn er ekki sinnt og barni skortir ítrekað skólagögn.

1.4. Tilfinningaleg vanræksla gagnvart barni- 4 undirflokkar þ.e. tilfinningalegar þarfir barns vanræktar, hugrænn þroski barns vanræktur, félagslegar þarfir barns vanræktar og barni eru ekki sett viðeigandi mörk.

## **2. Barn beitt ofbeldi**

2.1. Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi- 3 undirflokkar þ.e. barni sýnt viðvarandi neikvætt viðmót og neikvæðar tilfinningar, gerðar óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska og barn upplifir ofbeldi innan fjölskyldu eða milli náinna aðila.

2.2. Barn beitt líkamlegu ofbeldi- 2 undirflokkar þ.e. barn beitt ofbeldi af hálfu umönnunaraðila og barn beitt ofbeldi af hálfu annarra aðila t.d. annarra barna.

2.3. Barn beitt kynferðislegu ofbeldi- 2 undirflokkar þ.e. barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu foreldra eða umönnunaraðila og barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra t.d. annarra barna eða aðila ótengdum barninu.

## **3. Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu**

3.1. Ofneysla barnshafandi einstaklings á áfengi, öðrum vímuefnum eða lyfjum.

3.2. Barnshafandi einstaklingur verður fyrir ofbeldi.

3.3. Önnur tilvik sbr. 16. gr. barnaverndarlaga (í 16. gr. kemur fram: ...ástæðu til að ætla að lífi, heilsu eða þroska ófæddis barns sé stefnt í alvarlega hættu vegna lífennis, háttsemi eða aðstæðna verðandi foreldra þess eða um hvert það tilvik sem telja má að barnaverndarþjónusta eigi að láta sig varða).

## **4. Áhættuhegðun barns**

4.1. Neysla barns á vímuefnum eða öðrum efnum sem hafa skaðleg áhrif á heilsu þess og velferð.

4.2. Barn sýnir sjálfskaðandi hegðun.

4.3. Barn kemur sér undan forsjá forráðamanna og/eða virðir ekki reglur um útivistartíma.

4.4. Afbrot barns.

4.5. Barn beitir ofbeldi.

4.6. Námsástundun og/eða hegðun barns í skóla er ábótavant.

Ef eitthvað af ofangreindu í SOF flokkunarkerfinu á við eða grunur um slíkt vaknar hjá starfsmönnum skólans ber þeim að upplýsa stjórnendur um það. Skólastjóri eða leikskólastjóri tilkynna slíkan grun fyrir hönd skólans til Barnaverndarþjónustu

Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar. Tilkynningarskylda samkvæmt 17. grein barnaverndarlaga gengur framur ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Að öllu jöfnu upplýsir skólástóri eða leikskólástjóri forráðamenn um slíkar tilkynningar áður en þær eru sendar til barnaverndarþjónustu. Það er þó ekki gert ef talið er að af því geti stafað hættu fyrir barnið t.d. ef grunur er um að barn sé beitt ofbeldi á heimili.

Ef skólástjóri eða leikskólástjóri og starfsmaður eru ekki sammála um alvarleika máls hefur starfsmaður möguleika og skyldu til að tilkynna sjálfur. Í slíkum tilvikum getur starfsmaður óskað eftir nafnleynd hjá barnaverndarþjónustu.